

Mat á árangri endurheimtar votlendis sem mótvægisáðgerð

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Háskóla Íslands

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (MÁU) nr. 106/2000, er framkvæmdaraðila skylt að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem falla undir lögin og mótvægisáðgerðir vegna þeirra. Síðan lögin tóku gildi hefur Vegagerðin unnið að endurheimt votlendis víðsvegar um landið sem mótvægisáðgerð vegna röskunar í kjölfar vegaf framkvæmda. Þar sem nú er all nokkuð liðið síðan fyrstu svæðin voru endurheimt er orðið aðkallandi að kanna hvernig tekist hefur til. Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna árangur endurheimtar votlendis á fimm svæðum sem Vegagerðin vann að á árunum 2003-2014. Rannsóknarsvæðin eru staðsett í ólíkum landshlutum og breytilegt er hversu langt er síðan þau voru endurheimt. Árangursmatið fól meðal annars í sér gróðurúttekt, mæling á jarðvatnsstöðu, mat á gróðurhulu skurðsára og athugun á skurðfyllingum og stíflum. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að árangur er frekar góður á flestum ef ekki öllum svæðunum, votlendisgróður er víða ríkjandi og svæðin voru í mörgum tilvikum talsvert blaut. Á fjórum svæðanna hafði gróður ekki náð að loka fyrrum skurðsárum, en verulega mismikið eftir svæðum og best var ástandið á elsta svæðinu. Á einu svæði var áberandi að endurheimtarframkvæmdir voru ekki að öllu leyti fullnægjandi sem skilaði sér í misjöfnum árangri á því svæði. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna mikilvægi þess að viðhafa reglubundna eftirfylgni með mótvægisáðgerðum til að kanna árangur og meta hvernig hægt sé að þróa endurheimtaraðferðir og eftirfylgni svo að sem bestur árangur hljóttist. Þær gefa til kynna að þörf er á einhverjum inngripum til að koma gróðri af stað í skurðsárum og fylgja því eftir í nokkur ár. Eins er hægt að túlka niðurstöður þannig að mikilvægt sé að það sé skýrt verklag sem farið er eftir við framkvæmd endurheimtar og jafnvel að sá sem vinni verkið uppfylli ákveðin skilyrði áður en hann ræðst í verkið. Niðurstöðurnar geta komið að góðum notum við að betrumbæta MÁU og aðrar reglugerðir í tengslum við mótvægisáðgerðir almennt til þess að auka skilvirkni þeirra í framtíðinni.